

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðueytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 25 30. janúar 1968.

1. málsgrein auglýsingarinnar orðist svo:

43. Nefnd Verkamannafélagsins Hlífar, Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Iðju, félags verksmiðjufólks í Hafnarfirði og félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði. Aðsetur í Hafnarfirði. Staðfest 26. jan. 1968, breytt 16. jan. 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 16.

23. janúar 1969.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Fagurhólsmýrar í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Fagurhólsmýrar. Heimili þess og varnarþing er í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum og öðrum aðilum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru þessir:

1. Fagurhólsmýri I.
2. Fagurhólsmýri II.
3. Heimili verzlunarstjóra Fagurhólsmýri.
4. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga vegna verzlunarhúss á Fagurhólsmýri.
5. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga vegna sláturhúss á Fagurhólsmýri.

Hver stofnandi greiði kr. 2000.00 sem stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að aðila séu látin afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

4. gr.

Nú verða reist ný íbúðarhús eða önnur mannvirki á félagssvæðinu, og má þá taka nýja aðila í félagið með samþykki lögmeats aðalfundar. Nýr félagi greiði sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Hann skal sjálfur kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Félagsstjórnin skal ákveða upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár að nægi til greiðslu vaxta, afborgana af lánunum og viðhalds. Vatnsskatt má taka með lögtaki, ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagi ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara bréflæga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Verði hann ekki lögmætur, er boðið er til hans í fyrsta sinn, skal boða hann aftur og telst hann þá lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, ber að geta þess í fundarboði.

7. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar í félaginu, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

8. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið til hans boðið á sama hátt og aðalfundar. Á félagsfundi hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn sæki fund. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og ritari lesa fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnaðar í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykktir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Fagurhólsmýrar í Hofshreppi, Austur-Skaftafellssýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.